

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunar-tæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút. **39**

13. marz

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafmagnsstöðina í Vík í Mýrdal,
nr. 144 23. des. 1958.

40

14. marz

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafmagnsstöðin í Vík selur raforku við því verði og á þann hátt, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.70 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 50 aura hverja kwst. og auk þess fastagjald, er nemi kr. 3.75 á mánuði af hverju íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki baðherbergi, gangar eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

2. Um hemla á kr. 1000.00 hvert árskw. Hemilstillingin skal ávallt standa á heilum hundruðum watta.

40
14. marz

Stjórn rafmagnsveitunnar er heimilt að takmarka raforkusölu eftir þessum gjaldskrárlið, ef nauðsynlegt reynist til þess að draga úr orkunotkuninni. Slíka takmörkun má framkvæma með því að lækka stillingu hemlanna almennt og synja nýjum notendum um orkukaup um hemla.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan nýtingartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 140.00.

D. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa og annarra slíkra staða um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttegn.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., enda sé straumurinn þá rofinn með klukkurofa frá kl. 8.30 til 23 eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. frá kl. 23 til 8.30 og á 70 aura frá kl. 8.30 til 23.
4. Til götulýsingar á 70 aura hverja kwst. og annast rafmagnsstöðin þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar þó selt raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

41
20. marz

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Fellsstrandar.

1. Félagið heitir Veiðifélag Fellsstrandar. Heimili þess og varnarþing er á Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Kjarlaksstaðaá, Tungná og Flekkudalsá, en þær eru: 1. Kjarlaksstaðir, 2. Ytrafell, 3. Harastaðir, 4. Staðarfell, 5. Túngarður, 6. Hallsstaðir, 7. Svinaskógur, 8. Orrahóll, 9. Stóra-Tunga, 10. Litla-Tunga, 11. Stóri-Galtardalur, og 12. Grund.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö